



Notkun upplýsingatækni í Nóaborg

- Nóaborg hefur í nokkur ár notað tölvur og spjaldtölvur í starfi leikskólans
- Þróunarverkefnið nýtum okkur tæknina var unnið fyrir þremur árum í leikskólanum og fjallaði um formlega innleiðingu á notkun upplýsingatækni í starfi leikskólans
- Starfshópur barna úr elsta árgangi og leikskólastjóra sem fundaði nokkrum sinnum. Var markmiðið að fá þeirra vitneskju um tölvur, notkun þeirra á þeim, hvað væri skemmtilegt við tölvur o.s.frv. Eftir að hafa prófað mismunandi leiki á mörgum ólíkum leikjasíðum komu börnin með sínar hugmyndir að tölvuleik sem síðan rataði á leikjavefinn paxel123.com.
- Tölvur höfðu verið í notkun á tveimur elstu deildunum en fyrsti iPadinn kom í hús í janúar 2013
- Nú eru tveir iPadar á hverri deild auk þess sem sérkennslustjóri er með iPad sem og leikskólastjóri
- Í janúar 2013 var einnig stofnaður lokaður hópur á facebook fyrir starfsfólk og foreldra í leikskólanum og þangað inn fara ýmsar ljósmyndir úr leik og starfi.








Notkun upplýsingatækni í Nóaborg



Notkun upplýsingatækni í Nóaborg

Það sem við notum mest í sambandi við leiki:



Notkun upplýsingatækni í Nóaborg

- Markmið okkar í Nóaborg með þátttöku í DILE þróunarverkefninu var að kynna okkur nánar þá fjölbreyttu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á í starfi með börnunum
- Fengum nokkra fyrirlestra og námskeið sem tengjast iPad
- Foreldrar fengu kynningu á verkefninu
- Á starfsmannafundi síðasta haust setti hver deild sér markmið í um hvernig skyldi vinna með upplýsingatæknina um veturinn og var það svo metið á skipulagsdegi nú í vor eins og Svava og Torfi hafa sagt frá
- Því ber að halda til haga að notkun upplýsingatækni í leikskólastarfi felur í sér flest annað en það að börnin séu í tölvuleikjum allan daginn.
- Þar sem börnin fá mest að leika í tölvum (eldri deildir) teljum við að hvert barn sé að hámarki hálf tíma í viku í tölvuleikjum og eru leikir þá með markmið t.d. tengdir læsi, stærðfræði eða sköpun
- Erum með gátlista sem segir m.a. hvers konar leiki ber að forðast
- Heimsóknir okkar til hinna þátttakendanna gáfu af sér nýjar og spennandi hugmyndir sem við höfum svo þróað og gert að okkar
- Þrjár deildir af fjórum eru með borðtölvur, allar deildir eru með tvo iPada, þar af annan þeirra iPad mini. Sérkennslan er einnig með iPad auk þess sem einn auka er í undirbúningsherbergi sem hægt er að nálgast



Notkun upplýsingatækni í Nóaborg

- Vinsælar bækur ljósmyndaðar og myndum af síðunum varpað af skjávarpa þegar bækurnar lesnar
- Börnin velja oft tákni á ljósmyndir sem eru teknar í hópastarfi og settar á facebook síðu leikskólans
- Stutt myndbönd tekin upp af börnum til að skoða t.d. ákveðna hegðun við ákveðnar aðstæður
- Teknar ljósmyndir af börnunum í leik og starfi. Fer á facebook síðu leikskólans. Hvert barn í leikskólanum á myndamöppu og valdar myndir fara í ferilmöppu auk þess sem þær eru látnar rúlla í foreldraviðtölum
- Tekin upp stutt myndbönd og sett á facebook síðuna. Söngstund í sal, danstími, tónlistartími, jóga
- Horft á myndbönd á youtube.com
- Leitað að ýmsum upplýsingum á google.com með börnunum
- Hlustað á tónlist og sögur á Spotify og youtube.com



Notkun upplýsingatækni í Nóaborg



Sólbakki Nóaborg

3. október kl. 13:21

Óskilamunirnir sem við ætluðum að setja inn í sal fara á þriðjudag eða miðvikudag því það er verið að fara að bóna 😊

Það var verið að yfirfara brunakerfið og við fengum því óvænta brunæfingu. Margir komnir út en rýming gekk fljótt og vel 😊 Ólátagarósbörn sem enn voru inni fóru í garðinn hjá blokkinni (stysta leið) en hin út á leikskólalóðina og síðan voru öll börn talin miðað við mætingalistana. Það er upplagt að minna á nauðsyn þess að börnin hafi inniskó í leikskólanum því sum þurftu að hlaupta út á sokkunum.



Notkun upplýsingataekni í Nóaborg

- Barn vikunnar:



Mynd 1 – húsið í sandkassanum – það er svo gaman að vera með bakari þarna

Mynd 2 – rólur – mér finnst svo gaman að róla

Mynd 3 – stóri steinn – það er gaman að klifra á steinum

Mynd 4 – laufblöð – laufblöðin eru svo flott, bleik og fjólublá og smá græn

Mynd 5 – strákur í fótbolta – mér finnst gaman í fótbolta og hann var með prik í fótbolta

Mynd 6 – bókahilla – það er svo gaman að lesa

Mynd 7 – Haukur afmælli – hann á afmæli

Mynd 8 – Kormákur – Kormákur er svo skemtilegur

Mynd 9 – ormur í sal – þegar ég var lítill fannst mér gaman að skriða þarna

Mynd 10 – domino – það er gaman að gera domino

Mynd 11 – matarvagn – mér finnst soðinn fiskur með tómatsósu góður

Mynd 12 – lego – ég og Úlfur vinur minn gerðum þetta

Mynd 14 – tölvur – það er gaman í tölvum

Mynd 15 – Úlfur og Sigmar – mér finnst Úlfur og Sigmar skemtilegir



Notkun upplýsingataekni í Nóaborg

